

EFTIRLITSSKÝRSLA

HULA bs. Skógasandur



UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|----------------------------|----------------------|--------------------------------|-------------------------|
| Dags eftirlits | 21.11.2018 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Einar Halldórsson |
| Fyrirtæki | HULA bs. | Eftirlitsmaður | Einar Halldórsson |
| Heimili | Hlíðarvegur 16 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 4306972269 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Brynjar Ögmundarsson | ÍSAT nr. | 38.21.00 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 475089,819 332611,967 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit hjá urðunarstaðnum Hulu. Fram komu tvö frávik frá starfsleyfi en rekstraraðili þarf að setja sér umhverfismarkmið ásamt því að sækja um breytingu á starfsleyfi til að aðlaga það að aðstæðum á svæðinu.

UMFANG EFTIRLITS

Staða frávik:

Gr. 1.2. Heimild er til að urða allt að 400 tonnum á ári. Árið 2016 var farið var 177 tonnum yfir heimilt magn urðunar árið 2016. Árið 2017 var urðað magn 395 og því innan marka starfsleyfis og telst því frávik lokað.

Gr. 2.1 í starfsleyfi. Staðurinn skal vera vaktaður eftirlits- og aðgangskerfi en ekkert slíkt kerfi er á staðnum. Rekstraraðili hefur beðið um frest til 1.9.2019 til að koma upp slíku kerfi.

Gr. 3.5 í starfsleyfi.

Samkvæmt gr. 3.5 í starfsleyfi skal söfununarstöð lögð bundnu yfirborðslagi og skal fráveituvatn frá þeim hluta stöðvarinnar þar sem spilliefnum er safnað saman og þau geymd og þar sem tekið er við öðrum úrgangi sem mengað getur frárennsli leitt í sandfang og olíuskilju áður en það er leitt í jarðveg um siturlögn eða grjótsvelg á athafnasvæði. Ekkert bundið yfirborðslag er á svæðinu. Rekstraraðili hefur beðið um frest til 1.9.2019 til ljúka frágangi.

Gr. 4.3 í starfsleyfi. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarreinar skal skv.gr. 4.3 í starfsleyfi byrgður samdægurs með þekju efni sem kemur m.a. í veg fyrir fok. Í eftirlit var urðunarrein ekki byrgð þannig að það sást í úrganginn sem hafði verið lagður í hana og plast var byrjað að fjúka upp úr henni. Vinnulag hefur verið tekið upp þar sem mokað er strax yfir úrgang og er frávikinu lokað.

Gr. 5.1 og 5.3 í starfsleyfi. Skráningum vegna eftirlitsmælinga hefur verið skilað fyrir árið 2016 en öðrum skráningum sem koma fram í gr. 5.1 í starfsleyfi hefur ekki verið skilað en skv. gr. 5.3 eiga þær að berast eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Stofnuninni bærust gögn þann 10. apríl 2018 og telst frávikinu lokað.

Farið var yfir svæðið í eftirlitsferð og var umgengni góð. Farið var yfir ákvæði í starfsleyfi og rekstraraðili minntur á að sækja þurfi um breytingar á starfsleyfi til að laga það að aðstæðum á urðunarstaðnum. Ein urðunarrein er í notkun og var vel gengið frá henni sem og urðunarreinum sem hættar eru í notkun. Lítilsháttar ummerki voru þó eftir hrafna sem komust höfðu í úrgang en í það litlu magni að ekki er um að ræða frávik frá grein 2.1. Verði vart við meindýr s.s. rottur eða vargfugla skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila.

Í eftirliti árið 2017 var sett út á að ekki væri kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Rekstraraðili sendi í kjölfarið gögn um að myndun hauggass væri lítilsverð á svæðinu og taldi slíkt kerfi óþarft. Umhverfisstofnun féllst á þau rök en ákvæðið er enn í starfsleyfi. Rekstraraðili þarf að óska eftir breytingu á starfsleyfi til að aðlaga það að aðstæðum á staðnum.

Rekstraraðila var bent á að setja sér umhverfismarkmið og vinna eftir þeim. Nánari upplýsingar varðandi umhverfismarkmið má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar:

<https://ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/leidbeiningar-og-baeklingur/>

Frávik frá

Lýsing á frávik

grein 2.1

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

grein 3.4

Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Umhverfisstofnun féllst á rök rekstraraðila um að slíkt kerfi væri óþarft árið 2017 en ekki hefur verið sótt um breytingu á starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.01.2019


Einar Halldórsson

